

Þorp í ljóðum

Tveir ljóðahöfundar hafa a.m.k. skrifað um þorp sem eru þeim hugstæð. Þetta eru **Jón úr Vör** (1917–2000), sem skrifaði um bernskuslóðir sínar, þorpið Patreksfjörð, í ljóðabálknum sem síðar varð ljóðabókin *Þorpið* (1946) og **Ísak Harðarson** (1956) sem skrifaði um Stokkseyri og nefndi ljóðabók sína einfaldlega *Stokkseyri* (1994).

Byrjaðu á því að lesa það sem er sagt um höfundana í bókmenntasögu, annan á tímabili kreppu og stríðs, hinn í raunæi '68-kynslóðarinnar. Vertu þér því næst úti um þessar tvær ljóðabækur þeirra og lestu. Gerðu grein fyrir ljóðabókunum, hvorri fyrir sig, Þorpinu og Stokkseyri, og berðu þær síðan saman. Veldu ljóð úr þeim og færðu rök fyrir vali.

Eftirfarandi getur hjálpað:

Hvernig er þorpsmyndin? Daglegt líf í þorpi, íbúar, umhverfi o.s.frv.

Hvernig gera höfundar þessari þorpsmynd skil? (Raunæ/rómantísk/nákvæm/yfirborðsleg/ljóðræn/myndræn/o.s.frv.)

Tæp fimmtíu ár skilja þessar ljóðabækur að – eiga þær eitthvað annað sameiginlegt að efni til en að fjalla um þorp?

Berðu saman efnistösk höfundanna, þ.e. hvernig þeir gera þorpunum skil í (1) efni, (2) formi og (3) stíl. Skiptir hér máli útgáfuár bókanna?